

Heilbrigðisráðuneytið  
b.t. skrifstofu heilbrigðisþjónustu  
[hrn@hrn.is](mailto:hrn@hrn.is)  
Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 19. maí 2026

**Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um drög að skýrslu heilbrigðisráðherra um áætlun um framkvæmd lýðheilsustefnu til fimm ára, 2026-2030, 157. löggjafarþing.**

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“ eftir atvikum) hafa tekið til umsagnar drög að skýrslu heilbrigðisráðherra um áætlun um framkvæmd lýðheilsustefnu til fimm ára, 2026–2030 á 157. löggjafarþingi.

SI fagna þeim metnaði sem birtist í áætluninni og taka undir mikilvægi þess að efla lýðheilsu landsmanna með forvörnum og snemmtækri íhlutun. SI vilja þó koma á framfæri mikilvægum athugasemdum sem lúta að nýsköpun, tækni og samstarfi ríkis og einkageira. Það er mat samtakanna að lýðheilsa næstu ára muni mótast jafnt af stafrænum lausnum og innviðum sem og hefðbundnum forvörnum.

### **Stafræn nýsköpun og opið vistkerfi**

Það vekur furðu samtakanna að í áætlun sem nær til ársins 2030 sé hvergi vikið að hlutverki Stafrænnar heilsu sem er miðstöð þróunar og nýsköpunar fyrir heilbrigðisþjónustu en miðstöðin var sett á laggirnar í janúar síðastliðnum með það skýra markmið að leiða stafræna umbreytingu heilbrigðiskerfisins. Að hún sé hvergi nefnd í þessum drögum að skýrslu bendir til áframhaldandi sílóstjórnunar innan stjórnsýslunnar, þar sem lýðheilsuaðgerðir eru skipulagðar í einangrun frá þeim tæknilegu innviðum sem eiga að bera þær uppi. Í áætluninni er lögð áhersla á áframhaldandi þróun Heilsuveru og samþættingu við island.is. Samtökin telja nauðsynlegt að opinberir innviðir á sviði heilbrigðisþjónustu séu hannaðir sem opið vistkerfi (e. platform) fremur en lokuð ríkiskerfi.

- API og samþætting: Tryggja þarf opin og skilgreind tækniviðmót (API) sem gera nýsköpunarfyrirtækjum í einkageiranum kleift að þróa sérhæfðar lausnir sem tengjast miðlægum kerfum.
- Stafræn heilbrigðis- tækni og stefna: SI benda á að lýðheilsustefna þurfi að vera í nánum takti við stafræna heilbrigðisstefnu, sem enn vantar heildstæðan ramma utan um. Án hennar er óljóst hvort horft sé til eigin uppbyggingar ríkisins (e. in-house) eða kaupa á lausnum á markaði, sem skapar óvissu í nýsköpunarumhverfinu.

### **Heilbrigðistækni (HTA)**

Áætlunin nefnir innleiðingu á skipulögðu heilbrigðistæknimati (e. Health Technology Assessment, hér eftir „HTA“) til að meta kostnaðarhagkvæmni lýðheilsuaðgerða.

- SI styðja innleiðingu HTA en leggja áherslu á að ferlið verði ekki að nýrri stjórnsýsluhindrun, þ.e. matið verður að byggja á heildstæðu virði tækni þar sem horft er til langtímaávinninga og sparnaðar fyrir heilbrigðiskerfið í heild.
- SI leggja til að fulltrúar iðnaðarins fái aðkomu að mótun vinnulags við HTA til að tryggja að það sé í samræmi við alþjóðleg viðmið og hefti ekki aðgang að nýjungum.

### **Innkaup á nýsköpunarlausnum og lausnamiðuð nálgun**

Áætlunin tekur á flóknum samfélagslegum áskorunum eins og offitu og andlegri vanlíðan. SI telja að lausnir við þessum vanda munu mikið til koma úr nýsköpunarumhverfinu.

- Innkaup á nýsköpunarlausnum: Samtökin hvetja ráðuneytið til að nýta nýsköpunarkaup (e. innovation procurement) í ríkara mæli. Þar skilgreinir ríkið vanda en fær markaðinn til að þróa lausnir, sem örvar atvinnulíf og skilar betri þjónustu.

### **Gögn sem undirstaða framfara**

Gögn eru dýrmætasta auðlind nútíma heilbrigðisþjónustu. Áætlunin kallar ítrekað eftir aukinni samhæfingu milli geðheilbrigðismála, vímuefnaþjónustu, skólaheilsugæslu og heilsugæslu. SI benda á að slík samhæfing er tæknilega ómöguleg án undirliggjandi gagnainnviða sem gera samfellu í þjónustu mögulega. Samtökin hvetja stjórnvöld til að líta til hugmyndafræði um samþætta „æviskrá“ þar sem gögn fylgja einstaklingnum óháð þjónustustigi. Tæknin til þessa er að miklu leyti þegar til staðar innan kerfisins en er ekki nýtt til fullnustu vegna skorts á stefnumörkun um samnýtingu gagna á milli ólíkra kerfa og stofnana.

- EHDS og innviðir: SI leggja áherslu á að EHDS nái yfir bæði frumnotkun gagna (þ.e. rétt einstaklinga til eigin gagna þvert á landamæri) og hinsvegar afpersónugetu gögn til rannsókna og nýsköpunar. Samtökin telja skynsamlegt að nýta þá fjárfestingu sem þegar liggur í fyrirliggjandi upplýsingakerfum og landsbundnum samskiptainnviðum sem grunn að gagnaadgangsaðila samkvæmt EHDS. Þannig megi forðast dýra uppbyggingu nýrra grunnkerfa. Forsenda þess er þó að þessir innviðir verði nútímavæddir og gerðir samvirkir með opnum tækniviðmótum (API) og alþjóðlegum stöðlum. Þannig verður tryggt að sameiginlegir innviðir ríkisins virki sem hvetjandi nýsköpunarvettvangur fyrir öll tæknifyrirtæki en ekki sem hindrun á markaði.
- SI kalla eftir skýrum vegvísi um stafræna staðla (t.d. FHIR og OpenEHR) og samhæfð klínísk gagnamódel. Án þeirra munu lausnir þróast í ósamræmi við hver aðra og EHDS-kröfur.

### **Alþjóðleg samkeppnishæfni (EU4health)**

SI fagna áherslu á EU4Health en benda á að skort hafi sundurliðun á þeim styrkjum sem þegar hafa borist.

- Samtökin leggja til að stjórnvöld skapi hvata til aukins samstarfs opinberra aðila og einkafyrirtækja í framtíðarumsóknum til ESB, svo fjármagnið nýtist sem best til verðmætasköpunar og nýsköpunar hér á landi.

### **Samantekt og tillögur að umbótum**


Samtök iðnaðarins leggja ríka áherslu á að lýðheilsustefna án skýrrar tæknistefnu skorti nauðsynlegar undirstöður til að hún nái fram að ganga. Til þess að áætlunin skili raunverulegum ávinningi leggja samtökin til:

1. Að ríkið skilgreini skýra innkaupastefnu sem hvetur til kaupa á lausnum fremur en eigin þróunar.
2. Að settur verði vegvísir um gagnastaðla til að tryggja samvirkni og öryggi gagna.

3. Að gerð verði viðbúnaðaráætlun vegna EHDS með skýrri tímalínu, fjármögnun og nýtingu á fyrirbyggjandi innviðum.
4. Að mörkuð verði stefna um samþætta „æviskrá“ til að tryggja að heilbrigðisgögn styðji við samfellu í þjónustu þvert á kerfi.
5. Að gervigreind verði fléttuð inn í aðgerðir er varða vöktun og skilvirkni kerfisins.

Samtök iðnaðarins lýsa yfir vilja til áframhaldandi samstarfs við heilbrigðisyfirvöld um þessi mikilvægu málefni.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka iðnaðarins

  
Erla Tinna Stefánsdóttir